



Reykjavík, 10. desember 2018  
VEL2017020024  
343. fundur  
RÁ/bm

Lagt fyrir fund velferðarráðs 12. desember 2018

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### *Tillaga um breytingu á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis*

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis, sem samþykkt var í borgarráði 24. ágúst 2017:

- Að áfangaheimili með stuðningi, þjálfun og kennslu fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir í þjónustuflokki I, sem gert er ráð fyrir undir 1. áfanga áætlunarinnar verði breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki I.
- Að íbúðakjarni fyrir einstaklinga með geðfötlun og fíknivanda í þjónustuflokki III, sem gert er ráð fyrir undir 3. áfanga, verði færður undir 1. áfanga.

### ***Greinargerð:***

Uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis var samþykkt í velferðarráði 22. júní 2017 og 24. ágúst s.á. í borgarráði. Um er að ræða áfangskipta áætlun sem nær til 12 ára frá 2018 til 2030.

Í 1. áfanga (2018-2020) er m.a. gert ráð fyrir að koma á fót áfangaheimili<sup>1</sup> með stuðningi, þjálfun og kennslu fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir í þjónustuflokki I. Á þeim tíma þegar uppbyggingaráætlunin var unnin var talsvert af umsóknum um slíka úrlausn en eftir að einstaklingar hafa verið boðaðir í viðtöl á þessu ári kemur í ljós að flestir óska eftir að komast í framtíðarbúsetu í íbúðakjarna<sup>2</sup> en ekki tímabundna eins og stuðningur, þjálfun og kennsla á áfangaheimili er. Aðalástæðan er sú að þarfir einstaklinganna hafa breyst frá því að þeir lögðu inn umsókn um sértækt húsnæði.

---

<sup>1</sup> Áfangaheimili er heimili þar sem unnið er að þjálfun, kennslu og stuðningi við íbúa í allt að þrjú ár til að auka hæfni þeirra til sjálfstæðrar búsetu með hliðsjón af einstaklingsbundinni getu.

<sup>2</sup> Íbúðakjarni eru íbúðir fatlaðs fólks, nokkrar saman í húsi. Í mörgum íbúðakjörnum er sameiginlegt rými sem samanstendur af stofu, þvottahúsi, geymslu og eldhúsi en í öðrum íbúðakjörnum er ekkert sameiginlegt rými annað en starfsmannaáðstaða.

Í 3. áfanga (2026 – 2030) er m.a. samþykktur íbúðakjarni fyrir einstaklinga með geðfötlun og virkan fíknivanda í þjónustuflokki III (tvígreindir einstaklingar). Um er að ræða 6 íbúðir auk starfsmannaaðstöðu. Við yfirferð á biðlista eftir íbúðakjarna í þjónustuflokki III eru fjórar konur sem þurfa bráðan stuðning og húsnæði til að lifa sjálfstæðu lífi með valdeflandi stuðningi og aðstoð. Nauðsynlegt er því að flýta uppbyggingu íbúðakjarnans. Á meðan unnið er að öflun lóðar og byggingu nýs íbúðakjarna verður Félagsbústöðum falið að finna húsnæði þar sem rekinn verður íbúðakjarni fyrir fjórar konur með geðfötlun og virkan fíknivanda. Um væri að ræða tímabundna búsetu frá árinu 2019 til ársins 2020/2021 þegar nýr íbúðakjarni yrði tekinn í notkun.

Enginn kostnaðaraukning verður við breytingu áfangameilis í íbúðakjarna og kostnaðaráætlun vegna flýtingu íbúðakjarna fyrir tvígreindar konur er um 87 mkr. á árinu 2019.